

4. gr.

Sveitarstjóri skal fara með framkvæmdastjórn, bókhald og fjárreiður fyrir þau fyrirtæki sem hreppurinn þarf að veita forstöðu og annast bókhald fyrir, jafnframt að sjá um aðrar framkvæmdir, er ráðizt verður í á vegum hreppsins á ráðningartíma sveitarstjóra.

Samþykkt þessi, sem hreppsnefnd Neshrepps utan Ennis hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 58 29. marz 1961, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 3. júlí 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.

REGLUGERÐ

um búfjárhald í Reykjavík.

1. gr.

Svína- og sauðfjárhald svo og alifuglarækt er óheimil í Reykjavík nema með sérstöku leyfi borgarráðs.

2. gr.

Sá, sem hyggst sækja um leyfi, skv. 1. gr., skal senda umsókn um það til borgarráðs. Í umsókn skal gera greina fyrir fjölda búfjárins, sem óskað er leyfis fyrir, hvernig geymslu þess skuli háttað og öðru, er máli kann að skipta.

3. gr.

Nú telur borgarráð, að skilyrði til búfjárhalds séu fyrir hendi, og skal þá veita leyfið; má veita það annað hvort til ákveðins tíma eða ákveða tiltekinn frest til afturköllunar. Ef leyfishafi brýtur reglur um meðferð búfjár, t. d. gætir þess ekki á fullnægjandi hátt, má afturkalla leyfið fyrirvaralaust.

4. gr.

Ef maður heldur án heimildar búfé, sem samþykkt þessi tekur til, skal lögreglustjóri hlutast til um, að það sé tekið úr vörzlu hans, og er heimilt að selja það á uppboði eða láta slátra því.

Sama gildir, ef leyfishafi gætir ekki settra reglna um meðferð búfjárins, þannig að það veldur tjóni eða óþrifnaði.

5. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varðar sektum allt að kr. 5000.00. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og smþykkt af borgarstjórn Reykjavíkur, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 44 23. maí 1964, um búfjárhald í kaupstöðum og kauptúnum, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 9. júlí 1964.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrimur Dalberg.